

Malbikunarstöð Hlaðbær-Colas hf  
Gullhellu 1  
221 Hafnarfjörður

4. júlí 2018  
UST201603-075/H.G.  
08.06.02

**Efni: Lok eftirfylgni máls – Malbikunarstöð Hlaðbær-Colas hf.**


Umhverfisstofnun vísar í bréf, dags. 8. mars 2016 þar sem áformað var að veita áminningu og úrbóta krafist vegna fráviks frá starfsleyfi bikstöðvar rekstraraðila sem kom í ljós í reglubundnu mengunarvarnareftirliti þann 14. desember 2015.

**Frávikið var eftirfarandi:**

- Gr. 3.2 í starfsleyfi.** Botnar og þykkt neðstar umfars geyma skal mæla á minnst 10 ára fresti. Geymar merktir EE, SB1 og SB2 voru þykktarmældir í febrúar 2010 og þarf því ekki að þykktarmæla fyrr en árið 2020 en þykktarmæla átti aðra tanka fyrir árslok 2015.

Úrbótaáætlun barst Umhverfisstofnun þann 17. mars 2016 þar sem fram kom að umræddur geymir (merktur SB3) yrði þykktarmældur haustið 2016 og niðurstöðum skilað til Umhverfisstofnunar fyrir 31. desember 2016 og að ekki væri unnt að tryggja að úrbótum yrði lokið fyrr en seint á árinu sökum umfangs og eðli starfseminnar yfir sumarið og langt fram á haust. Í svari stofnunarinnar þann 27. júní 2016, við fyrirspurn rekstraraðila vakti Umhverfisstofnun athygli rekstraraðila á fyrirhugaðri breytingu á reglugerð. Umtalsverður dráttur hefur orðið á málsmeðferð en frá því að Umhverfisstofnun krafðist úrbóta hefur reglugerð nr. 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi verið felld úr gildi og reglugerð nr. 884/2017 með sama heiti leyst hana af hólmi og telst því fráviki lokið.

Eftirfylgni sem hófst með bréfi dagsettu 18. desember 2015 telst nú lokið. Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum, og er gjaldið **kr. 26.400.**

  
Gunnlaug H. Einarsdottir  
Sviðsstjóri

Virðingarfyllst

  
Hlín Gísladóttir  
Lögfræðingur